

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219 9. maí 1979, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Fyrri málsgrein 1. gr. orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík, skal á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurkaupstaðar, Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar, þannig að ein bifreið komi á hverja 250 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

c-liður 2. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Vottorð frá manntalsskrifstofunni um að umsækjandi eigi lögheimili í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

4. mgr. 5. gr. orðist þannig:

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga jafnan lagður til grundvallar þannig, að sá sem hefur lengstan starfsaldur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi búsettur í Reykjavík, Kópavogskaupstað eða Seltjarnarneskaupstað.

3. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist þannig:

Þeir bifreiðastjórar sem vinna þau störf, sem talin eru í b-lið 14. gr. og 1. mgr. 16. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

4. gr.

2. mgr. 16. gr. fellur niður.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.